

1. Daglegt leikskólastarf

Umbótaþættir	Markmið	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Endurmat; hvenær, hvernig?
1.1. Ánægja með leikskólann	Að börnunum líði vel og meirihluti foreldra sé ánægður með leikskólann.	Taka vel á móti börnum og foreldrum. Eiga góð samskipti við börn og foreldra og gefa foreldum upplýsingar í lok dags. Kveðja hlýlega og þakka öllum fyrir daginn.	Allt starfsfólk.	Deildarfundir. Foreldraviðtöl. Deildarstjórafundir. Foreldrakönnun vor 2019.
1.2. Stjórnendur sýnilegir í daglegu starfi	Að meirihluti foreldra upplifi stjórnendur sýnilega í daglegu starfi.	Stjórnendur fari inn á allra deildir reglulega og séu sýnilegir þátttakendur í starfi skólans.	Stjórnendur leikskólans.	Deildarfundir. Foreldraviðtöl. Deildarstjórafundir. Foreldrakönnun vor 2019.
1.3. Ánægja barnsins í leikskólanum	Að öllum börnum líði vel í leikskólanum.	Gæta að líðan allar nemenda og vera í góðu samstarfi við foreldra/samstarfsfólk/fagaðila ef áhyggjur vakna.	Allt starfsfólk.	Deildarfundir. Foreldraviðtöl. Deildarstjórafundir. Foreldrakönnun vor 2019.
1.4. Hæfilegur fjöldi barna á deild	Að börnin geti notið bernskunnar í leik og starfi.	Gæta að fjölda barna á hverri deild, skoða samsetningu hópsins út frá aldri og sérþörfum þannig að allir geti notið sín.	Allt starfsfólk.	Skoða fyrir hvert skólaár og út frá fjárhagsáætlun. Foreldrakönnun 2019. Starfsmannafundir.
1.5. Holt mataræði	Að bjóða upp á hollan og góðan mat sem tekur mið af kröfum mannelismarkmiðs.	Boðið upp á hollan og fjölbreyttan mat alla daga. Í matartímum er gæta að umhverfi, tíma og fræðslu til barna um mikilvægi þess að borða hollan mat. Gætt að lýðræði og börnin fái tækifæri til sjálfshjálpar í matmálstímum.	Allt starfsfólk.	Foreldraviðtöl. Foreldrakönnun 2019.

2. Námsumhverfi

Umbótaþættir	Markmið	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Endurmat; hvenær, hvernig?
2.1. Vinnubrögð	Að öll vinnubrögð starfsfólks einkennist af fagmennsku og skilvirkni.	Sinna öllu skólstarfinu af fagmennsku og alúð. Gera starfið sýnilegt fyrir foreldra og upplýsa vel um það sem gert er með hverjum nemenda og á hverri deild. Gera verkferla, bjargir, sýnilega í Handbók leikskólans.	Allt starfsfólk.	Deildarfundir. Foreldraviðtöl. Deildarstjórafundir. Foreldrakönnun vor 2019.
2.2. Aðstaða	Að umhverfi og efniviður inni og úti styðji við leik og nám barna og sé öruggt og aðlagðandi.	Skipta reglulega út leikefni og gæta þess að börnin fái góðan tíma til leikja. Vera vakandi fyrir óskum barna. Ganga vel um efnivið, húsnæði og umhverfi inni og úti. Gæta að öryggi.	Allt starfsfólk.	Deildarfundir. Skipulagsdagar. Deildarstjórafundir. Foreldrakönnun vor 2019.
2.3. Félagsleg samskipti	Að vinna með félagsfærni í öllu starfi skólans. Umræður um líðan, tilfinningar og reynslu í gegnum leik.	„Bína bálreiða“ nýta myndir og sögu með börnunum á öllum deildum. Gæta að hverjum einstaklingi, skráningar í Heilsubók barnsins og samræmd vinnubrögð.	Allt starfsfólk.	Deildarfundir. Skipulagsdagar. Deildarstjórafundir. Foreldrakönnun vor 2019.
2.4. Þátttaka án aðgreiningar	Að allir fái notið sín og séu þátttakendur í skólstarfinu.	Börnin geti tekið þátt í skólstarfinu á sínum forsendum út frá aldri og þroska.	Allt starfsfólk.	Deildarfundir. Skipulagsdagar. Deildarstjórafundir. Foreldrakönnun vor 2019.

3. Samskipti við foreldra

Umbótaþættir	Markmið	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Endurmat; hvenær, hvernig?
3.1. Upplýsingamiðlun	Að upplýsa foreldra um skólastarfið. Samræma innan skólans hvaða leiðir eru nýttar.	Áhersla á góða dagleg samskipti og upplýsingagjöf þegar komið er með barnið og þegar það er sótt. Skrifa daglega á töflu við hverja deild. Senda foreldrum mánaðarskipulag í tölvupósti fyrir hvern mánuð. Skóladagatal er sent í tölvupósti við upphaf skólaárs. Fréttabréf leikskólans gefið út að lágmarki tvisvar á önn. Foreldraviðtöl þar sem farið er yfir skráningar í Heilsubók barnsins á haust- og vorönn. Heimasíða uppfærð reglulega.	Stjórnendur. Allt starfsfólk leikskólans.	Deildarfundir. Foreldraviðtöl. Deildarstjórafundir. Foreldrakönnun vor 2019.
3.2. Þekking á stefnu og námskrá leikskólans	Að námskrá leikskólans og stefna sé sýnileg á heimasíðu leikskólans. Uppfæra skólanámskrá.	Setja merki heilsustefnunnar á Brimver/Æskukot. Flagga heilsufánanum og grænfánanum oft. Kynna stefnuna fyrir nýjum foreldrum. Kynna stefnuna á	Stjórnendur. Allt starfsfólk.	Kynningarfundir foreldra. Foreldrakönnun 2019.

		foreldrafundum í september ár hvert og í aðlögun.		
3.3. Tengsl við starfsfólk leikskólans	Dagleg samskipti við foreldra.	Skipuleggja starfið þannig í upphafi og við lok dags að starfsfólk geti gefið sér tíma til að ræða við foreldra og styrkja tengsl og mynda traust. Gæta að trúnaði. Þjóða upp á viðtal ef ástæða er til.	Allt starfsfólk.	Deildarfundir. Deildarstjórafundir. Foreldraviðtöl. Skipulagsdagar. Foreldrakönnun vor 2019.
3.4. Hvatning til þátttöku í leikskólastarfinu	Að upplýsa og bjóða foreldrum á viðburði.	Góð samvinna er við foreldrafélög sem koma að mörgum viðburðum leikskólans með skipulagi og þátttöku. Mikilvægt að halda því góða samstarfi áfram. Bangsar deilda fara reglulega heim með börnum og þar er gert ráð fyrir þátttöku foreldra.	Allt starfsfólk leikskólans.	Deildarstjórafundir. Foreldraviðtöl. Fundir með foreldrafélögum. Foreldrakönnun vor 2019.
3.5. Tímasetning viðburða	Að hafa tímasetningar þannig að þær henti flestum og gæta að sveigjanleika og jafnrétti. Tímasetningar sem ákveðnar eru með foreldrafélögum koma fram á skóladagatali.	Tímasetningar viðburða verða að taka mið af börnunum og dagskipulagi skólans. Ákveðið hefur verið í samráði við starfsfólk og foreldra að hafa tímasetningar á vorhátíð e.h. þannig að þær verði í lok skóladags. Einnig var ákveðið að sameina konudagskaffi og bóndadagskaffi í einn sameiginlegan viðburð sem	Stjórnendur.	Deildarstjórafundir. Foreldraviðtöl. Fundir með foreldrafélögum. Foreldrakönnun vor 2019.

		verður mitt á milli þessara daga.		
3.6. Heimasíða leikskólans	Að upplýsingar um leikskólann séu aðgengilegar.	Allar helstu upplýsingar um skólastarfið settar á heimasíðu leikskólans.	Stjórnendur.	Deildarstjórafundir. Foreldrakönnun 2019.

4. Upphaf og lok leikskólagöngu

Umbótaþættir	Markmið	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Endurmat; hvenær, hvernig?
4.1. Leikskólabyrjun	Aðlögun sé einstaklingsmiðuð og skipulögð með foreldrum.	Einstaklingsmiðuð aðlögun hefur verið og þótt ganga vel. Ákveðið hefur verið að skerpa á tímasetningum sem foreldrar eru með börnum sínum, þannig að þeir upplifi eins mikið af skóladeginum og hægt er með sínu barni. Ákveðið hefur verið að gæta þess að foreldrar séu með í matartímum.	Allt starfsfólk.	Foreldraviðtöl. Foreldrakönnun vor 2019.
4.2. Flutningur milli skólastiga	Að eiga gott samstarf á milli skólastiga um ferlið og upplýsa foreldra.	Faghópur um samstarf milli leik- og grunnskóla í Árborg er til staðar, á vorin er gert endurmat. Ákveðið hefur verið að upplýsa foreldra betur um tilgang og það sem gert er í skólaheimsóknum í BES en þrjú elstu árgangar leikskólans fara í reglulegar ferðir í BES yfir skólaárið auk þess sem gert er með nemendum á síðasta skólaári.	Stjórnendur. Deildarstjórar eldri deilda. Allt starfsfólk sem starfar með þrem elstu árgögnum. Fulltrúi leikskólans í faghóp leik- og grunnskóla.	Endurmetið í faghóp í lok skólaárs. Deildarstjórafundir. Foreldrakönnun 2019.

Umbótaáætlun 2016-2017

Brimver/Æskukot

4.3. Flutningur milli deilda	Góð samvinna og samskipti á milli deilda og við foreldra og börn þar sem allir eru vel upplýstir.	Áætlun gerð um skil á milli deilda. Upplýsa foreldra með viðtali með deildarstjóra sem tekur við og bjóða foreldrum að vera þátttakendur í aðlögun.	Stjórnendur. Deildarstjórar. Allt starfsfólk leikskólans.	Foreldrar leggja mat á hvernig aðlögun á milli deilda tókst ár hvert. Foreldrakönnun 2019.
-------------------------------------	---	--	---	---

5. Sérstakur stuðningur og sérfræðipjónusta

Umbótaþættir	Markmið	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Endurmat; hvenær, hvernig?
5.1. Verkferlar vegna sérfræðipjónustu, vinnulag og bjargir settar fram í Handbók leikskólans.	Að börn, foreldrar og starfsfólk fái stuðning og viti hvert verklag snemmtækrar íhlutunar í skólanum er, skimunartæki, bjargir og úrræði. Handbók gerð fyrir leikskólann skólaárið 2017-2018	Vinna er hafin við Handbók þar sem matstæki, ferlar, bjargir og úrræði eiga að vera aðgengileg öllum.	Stjórnendur. Deildarstjórar. Allt starfsfólk leikskólans.	Foreldraviðtöl. Deildarfundir. Foreldrakönnun 2019.